



INGÓLFUR GUÐBRANDSSON

FRUMKVÖÐULL Í TÓNLISTARUPPELDI OG KÓRSÖNG
STOFNANDI OG STJÓRNANDI PÓLYFÓNKÓRSINS

SÝNING Í ÞJÓÐARBÓKHLÖÐU

OPNUÐ 6. MARS 2023

INGÓLFUR GUÐBRANDSSON

FRUMKVÖÐULL Í TÓNLISTARUPPELDI OG KÓRSÖNG
STOFNANDI OG STJÓRNANDI PÓLYFÓNKÓRSINS

Sýningin er samstarfsverkefni afkomenda Ingólfs Guðbrandssonar, Pólyfónfélagsins og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns

Höfundur sýningartexta:

Bjarki Sveinbjörnsson

Sérstakar þakkir fyrir aðstoð við texta og myndaval:

Þorgerður Ingólfsdóttir, Rut Ingólfsdóttir, Vilborg Ingólfsdóttir, Unnur María Ingólfsdóttir, Inga Rós Ingólfsdóttir

Hönnun sýningar og sýningarskrár:

Ólafur J. Engilbertsson

Prófarkalestur:

Jón Hrólfur Sigurjónsson, Jökull Sævarsson

Sérstakar þakkir:

Guðmundur Guðbrandsson, María Ammendrup

Ljósmyndir:

Mynd á síðu 4: Ingólfur Guðbrandsson fimm ára á Breiðabólstað á Síðu. Ljósmynd: Byggðasafnið í Skógum

Eftirtökur ljósmynda úr einkasafni og af útgáfum: Helgi Braga

Kápumynd:

Ingólfur Guðbrandsson stjórnar kór Laugarnesskólans á sjötta áratugnum

Aftan á kápu: Frá tónleikum Pólyfónkórsins í Santa Croce í Flórens 1977

Prentun skrár:

Litróf

Prentun sýningar:

Sýningakerfi

Útgefandi:

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn 2023

© Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn 2023

ISBN 978-9935-434-25-8

INGÓLFUR GUÐBRANDSSON

FRUMKVÖÐULL Í TÓNLISTARUPPELDI OG KÓRSÖNG
STOFNANDI OG STJÓRNANDI PÓLYFÓNKÓRSINS

SÝNING Í ÞJÓÐARBÓKHLÖÐU

OPNUÐ 6. MARS 2023



Ræturnar

Ingólfur Guðbrandsson fæddist á Kirkjubæjarklaustri 6. mars árið 1923. Hann var sonur hjónanna Guðbrands Guðbrandssonar og Guðrúnar Auðunsdóttur, sem voru bændur á Prestbakka á Síðu.

Lífið á Síðunni gat verið krefjandi. Nálægðin við náttúruna, sem sannarlega gat minnt á sig, líkt og Skaftáreldarnir í lok átjándu aldar og Kötlu-gosið 1918 og einangrunin, sem mótaði huga fólksins og daglegt líf, vötnin ströng og jökulhlaup voru hluti hins daglega lífs.

Móðir Ingólfs missti móður sína þegar hún var 5 ára gömul og fór þá í fóstur til prestshjónanna að Prestbakka, séra Magnúsar Bjarnarsonar prófests og Ingibjargar Brynjólfsdóttur. Fimm árum síðar, árið 1905 fór Guðbrandur faðir Ingólfs í fóstur að Prestbakka, þá 13 ára gamall. Guðbrandur og Guðrún felldu síðar hugi saman og hófu búskap í húsmennsku hjá Elíasi Bjarnasyni og konu hans Pálínu á Hunkubökkum árið 1916. Elías Bjarnason var menntafrömuður í sveitinni, hann rak skóla þar sem sungið var daglega og lék vel á orgel. Elías fluttist til Reykjavíkur árið 1920 og hóf kennslu í Miðbæjarskólanum.

Árið 1920 fluttu hjónin Guðrún og Guðbrandur að Kirkjubæjarklaustri en þar fæddist Ingólfur 1923 og systir hans, Rósa, 1926.

Árið 1927 fluttist fjölskyldan að bænum Hátúnum í Landbroti og hófu þar búskap. Á næsta bæ var orgel og opnaðist þar hljómaheimurinn Ingólfi fimm ára gömlum.

Árið 1931 fengu foreldrar Ingólfs Prestbakka til ábúðar. Ingólfur var þá 8 ára gamall. Tónlistin lyftist þá í hærri hæðir fyrir músíkölsku barni, því í kirkjunni var vandað hljóðfæri sem Elías Bjarnason hafði valið.

Móðir Ingólfs var afar músíkölsk og gerði sér fljótlega grein fyrir að hugur barnsins leitaði til tónlistarinnar. Hún fékk því bónda í sveitinni, Sigurjón Einarsson í Mörk, til að kenna honum nótur og tók Ingólfur strax miklum framförum á hljóðfærið, svo að hann gat á fyrstu árunum leikið lögin í sálmaþókinni.



Guðrún Auðunsdóttir, móðir Ingólfs.



Guðbrandur Guðbrandsson, faðir Ingólfs.



Ingólfur um tvítugt.



Prestbakki á Síðu.

Ingólfur segir svo frá í ævisögu sinni *Lífsspejill* sem kom út 1989:

... þarna á söngloftinu leyndust ýmsar gersemar frá tíð Elíasar Bjarnasonar, raddsetningar eftir Johann Sebastian Bach og aríur eftir Händel. Sérstaklega man ég eftir „kirkjuaríunni“ eftir Stradella og sópranaríunni úr síðasta þætti „Messíasar“ - „I know that my Redeemer liveth.“ Ekki bauð mér þá í grun að skaftfellskur tenór, Ólafur Þ. Jónsson fyrrum nemandi minn, síðar stórsöngvari í óperuhúsum í Evrópu, myndi syngja kirkjuaríuna á fyrstu tónleikum Pólyfónkórsins né að ég yrði fyrstur Íslendinga til að stýra heildarflutningi Messíasar eftir Händel með frægum einsöngvurum, kór og hljómsveit.

Það var fleira sem nærði tónlistaráhuga þessa unga drengs. Organisti kirkjunnar var ungur maður í sveitinni, Helgi Þorláksson frá Múlakoti, sem hafði sótt tíma í orgelspili hjá Páli Ísólfsyni og svo voru tónlistarþættir Páls Ísólfssonar í útvarpinu og hin stóru verk tónbókmenntanna sem útvarpið flutti. Það var tónlistarlífið í sveitinni sem drengurinn sogaði til sín, söngurinn í skólanum, tónlistin í kirkjunni og tónlistin í útvarpinu.

Til Reykjavíkur

Haustið 1940 settist Ingólfur á skólabekk í Kennaraskólanum í Reykjavík, 17 ára gamall. Námið var þrjú ár og hvatti tónlistarkennari skólans,

Guðmundur Matthíasson, Ingólfur til að sækja frekara nám í tónlist eftir að hann lauk almennu kennaraprófi og söngkennaraprófi vorið 1943.

Samnemandi Ingólfs í Kennaraskólanum var Inga Þorgeirsdóttir, ættuð frá Hlemmiskeiði á Skeiðum, afar söngvin og glæsileg stúlka. Þau felldu hugi saman, giftu sig vorið 1943, og voru gift í 19 ár. Ingólfur og Inga eignuðust 5 dætur, Þorgerði, Rut, Vilborgu, Unni Maríu og Ingu Rós. Inga átti mjög stóran þátt í öllu uppbyggingarstarfinu í tónlistinni meðan þau Ingólfur voru gift. Hún kenndi við Laugarnesskólann samtímis Ingólfi og áfram um áratuga skeið og meðan hann var erlendis í námi tók hún að sér kennsluna hans líka. Eiginkona Ingólfs árin 1964 til 1968 var Laufey Kristjánsdóttir og eignuðust þau tvö börn, Evu Mjöll og Andra Má. Barnsmóðir Ingólfs var Sigrún E. Árnadóttir og sonur þeirra er Árni Heimir. Öll börn Ingólfs lærðu á hljóðfæri og hafa sex þeirra haft tónlist að lífsstarfi.

Laugarnesskólinn

Ingólfur var ráðinn kennari við Laugarnesskólann 1943. Hófst þar með farsælt og glæsilegt starf Ingólfs að íslenskum tónlistarmálum sem átti eftir að vara marga áratugi.

Áhrifa Ingólfs innan Laugarnesskólans fór strax að gæta. Hann bryddaði upp á ýmsum nýjungum í tónlistarkennslu og stofnaði Barnakór Laugarnesskóla sem söng á skemmtunum skólans og á almennum hátíðum í bænum. Áður en varði voru kórarnir orðnir tveir, fyrir yngri og eldri nemendur. Ingólfur lagði mikla áherslu á að öll börn tækju þátt í söng. Hann kom því á þeirri hefð sem enn ríkir í Laugarnesskóla að allir nemendur komi saman í morgunsöng á ákveðinni stundu hvern skóladag. Hann gerði nýja söngskrá fyrir hverja viku þar sem einkum voru ættjarðarsöngvar og þjóðlög auk árstíða- og tækifærissöngva. Þá voru kennarar skólans einnig fyrsti vísirinn að röddum sem síðar hljómuðu í Pólyfónkórnum.



Ingólfur heldur á dætrum sínum, Ingu Rós og Unni Maríu. Fyrir aftan frá vinstri: Vilborg, Þorgerður og Rut.



Eva Mjöll og Andri Már.



Árni Heimir.

Ingólfur og Inga í tilhugalífinu á Prestbakka.





Kór Laugarnesskóla ásamt Ingólfi 1955.

Fiðlusveitin í Laugarnesskólanum

Eitt af því sem Ingólfur vildi vekja áhuga nemendanna á var hljóðfæraleikur. Hafin var söfnun til að kaupa hljóðfæri fyrir skólann og var fénu m.a. safnað með tónleikum barnakórsins en auk þess komu nokkrir af þekktustu tónlistarmönnum landsins fram á söfnunartónleikum. Ruth Hermanns fiðluleikari var ráðin fiðlukennari við skólann. Undirbúningurinn skilaði sér í að á þriðja tug nemenda lék í fiðlusveitinni. Nemendur fengu hljóðfærin lánuð en greiddu hluta kennslugjalds. Fiðlusveitin kom fram við ýmis tækifæri og einnig á sömu tónleikum og kórarnir.



Plötuklúbburinn

Kórstarfið blómstraði og voru kórarnir þrír; kór yngri nemenda, kór eldri nemenda og kór framhaldsdeildar. Kennslan hafði meðal annars þau áhrif á eldri nemendur að þeir stofnuðu plötuklúbb við skólann og hlustuðu á klassíska tónlist undir leiðsögn Ingólfs. Urðu þessar kynningar afar vinsælar meðal eldri nemenda skólans. Tónlistin var orðin einn af hornsteinunum í starfi Laugarnesskóla.

Tónleikahald kóranna og Fiðlusveitarinnar í Gamla bíói – og síðar í Austurbæjarbíói – varð árviss viðburður. Starfi Ingólfs á þessu sviði var þegar orðinn áberandi í íslensku skólastarfi og fyrirmynd annarra í þeim efnum.

Fiðlusveitin í Laugarnesskólanum ásamt Ruth Hermanns 1955.



Ingólfur kemur heim úr námsferð 1956.

Tónlistarkennsla í almenna skólakerfinu á þessum árum var heldur bágborin. Kennslufni skorti og menntun kennara var ábótavant. Ingólfur bætti hér úr og átti eftir að leggja sinn skerf til framfara á þessu sviði. Starfi hans í Laugarnesskólanum lauk vorið 1957 með glæstum tónleikum í Austurbæjarbíói.

Frekari menntun

Ingólfur hélt áfram tónlistarnáminu – sótti meðal annars söngtíma til Péturs Á. Jónssonar óperusöngvara og píanónám til Róberts A. Ottóssonar. Þá sótti hann nám í London haustið 1949 í The Guildhall School of Music. Aðalnámsgreinar hans voru píanóleikur og hljómsveitarstjórn, auk tíma í kennslufræðum tónlistar og söng.

Ingólfur sótti tónleika af miklum áhuga og naut þess að hlýða á alla helstu tónlistarmenn samtímans, einstaka flytjendur sem og hljómsveitarstjóra. Borgin iðaði af tónlistarlífi. Hann sendi meðal annars frásagnir af tónleikum í London og Tónlistarhátíðinni í Edinborg til Ríkisútvarpsins og Morgunblaðsins.

Þýski sellóleikarinn dr. Heinz Edelstein sem bjó hér um tveggja áratuga skeið, og lék með Sinfóníuhljómsveit Íslands frá stofnun, hvatti söngkennara til að standa saman og var Söngkennarafélag Íslands stofnað um áramótin 1951-2. Dr. Edelstein hvatti einnig kennarana til að fá kennara að utan til að halda námskeið fyrir söngkennara víða af landinu. Jóhann Tryggvason, faðir Þórunnar, (síðar Ashkenazy) kom tvisvar og hélt námskeið. Paul Nitsche, sem var mikill frumkvöðull hvað varðar kórstjórn, kórsöng og ekki síst söngkennslu barna, kom sumarið 1954 og hélt námskeið fyrir meðlimi Söngkennarafélagsins. Koma Nitsche til Íslands, bæði 1954 og með ungmennakór sinn 1955, varð til þess að Ingólfur fór til Kölnar til náms árið 1955. Þar innritaðist hann í Die Staatliche Hochschule für Musik þar sem aðalkennari hans var Paul Nitsche. Þar nam Ingólfur kennslufræði, sálarfræði, þýsku, ítölsku, söng, kórstjórn og píanóleik. Þá kynntist Ingólfur verkum Bachs í lifandi flutningi og má segja að starf hans að tónlistarmálum á Íslandi endurspeglar í dvölinni í Köln. Áhugi Ingólfs á sönglistinni og þróun hennar vakti það mikla athygli hjá Nitsche að hann bauð honum að dvelja áfram og verða aðstoðarkennari sinn. En Ingólfur sá að meiri þörf væri fyrir krafta hans á Íslandi. Tók nú við áralöng

barátta fyrir tónlistarkennslu í almenna skólakerfinu, raddbeitingu í söng, málefnum söngkennarastéttarinnar, námsefnisgerð og mörgu fleiru. Þó flestum þessara verkefna hafi hann sinnt einungis í nokkur ár, gerði hann eitt þeirra að ævistarfi, nefnilega Pólýfónkórinn.

Námsstjóri í tónlist

Ingólfur var orðinn þekktur í íslensku skólalífi fyrir störf sín í Laugarnesskólanum þegar menntamálaráðherra sýndi þá framsýni að skipa hann námsstjóra í tónlist 1956. Ingólfur fékk meðal annars opinberan styrk til að kynna sér tónlist í norrænum skólum, einkum í Svíþjóð. Staða söngkennara var bágborin á þessum árum. Allt skorti, hljóðfæri, námsefni og þekkingu. Beitti Ingólfur sér meðal annars fyrir útgáfu vandaðrar söngbókar, *Fimmtíu fyrstu söngvar* árið 1957. Hann gaf svo bókina út aftur 1960 með myndskreytingum Barböru Árnason og var lítil hljómplata gefin út með bókinni. Lítil skilningur var á útgáfu bókarinnar, og nauðsyn hennar, og heldur ekki á annarri bók með 200 völdum söngvum fyrir börn sem Ingólfur hafði undirbúið, en aldrei kom út. En Ingólfur barðist, ferðaðist um allt land, hélt námskeið fyrir söngkennara í öllum landshlutum sem og í Reykjavík.

En eins og oft gerist þá gefast baráttumenn upp fyrir andvara- og skilningsleysi. Áhugi Ingólfs á námsstjórastarfinu dvínaði og hætti hann störfum eftir sjö ár. Þá höfðu ferðamálin tekið hug hans allan sem birtist í ferðaskrifstofunni Útsýn.



Fimmtíu fyrstu söngvar. Ingólfur Guðbrandsson valdi og gaf út 1960. Barbara Árnason teiknaði myndirnar.



Úr kennslustund í Barnamúsíkskólanum.

Barnamúsíkskólinn

Árið 1952 hafði dr. Heinz Edelstein gengist fyrir stofnun Barnamúsíkskóla Reykjavíkur. Skólinn var í upphafi deild í Tónlistarskólanum í Reykjavík en 1952 sjálfstæð stofnun undir stjórn dr. Edelstein. Árið 1956 fór dr. Edelstein til dvalar í Þýskalandi vegna heilsuþrests og tók þá Ingólfur Guðbrandsson við stjórnun skólans og stýrði honum í tvö ár. Skólinn starfaði í Þakherbergi í Austurbæjarskólanum en fékk síðar húsnæði á rishæð Iðnskólans í Reykjavík. Í þessu húsnæði æfði Pólýfónkórinn fyrstu árin.

Pólýfónkórinn

Eins og nefnt hefur verið sótti Ingólfur sér yfirgripsmikla þekkingu í tónlistarkennslu barna, meðal annars í Köln í Þýskalandi. Í starfi hans við Barnamúsíkskólann beitti hann þeirri þekkingu í kennslunni, samsöng og hljóðfæraleik nemenda. Kórnum til styrktar kallaði hann til nokkrar



Pólýfónkórinn árið 1960.

raddir sem sungið höfðu í kór hans í Laugarnesskólanum. Árangurinn var jólatónleikar í Kristskirkju árið 1957 þar sem Páll Ísólffsson lék á orgelið. Þessir tónleikar eru skilgreindir sem fyrstu tónleikar Pólýfónkórsins (þó kórinn hafi þá ekki fengið nafn).

Hefst nú 30 ára saga þessa einstaka fyrirbæris í íslenskri tónlistarsögu – kórstarfsemi sem opnaði þjóðinni kórtónlist frá endurreisnar- og barokk-tímabilinu, tónlist sem í mörgum tilfellum hafði aldrei heyrst á Íslandi.

Allt frá upphafi var mikil aðsókn að tónleikum kórsins og umfjallanir um söng kórsins í flestum tilfellum lofsamlegar. Vakti efnisvalið oftast sérstaka athygli, tónlist frá 16. og 17. öld og ekki síst, sem var einkenni kórsins alla tíð, hinn hreini og bjarti söngur. Ingólfur lagði ávallt áherslu á raddþjálfun kórfélaga og fékk söngvara til að leiðbeina kórfólkinu.

Kórinn flutti ekki aðeins tónlist liðinna alda, heldur einnig verk 20. aldar tónskálda, og ný verk eftir ung íslensk tónskáld. Má í því sambandi



Frá æfingu.

nefna *Messu* eftir Gunnar Reyni Sveinsson sem vakti mikla athygli árið 1962. Kórinn flutti mörg tónverk eftir íslenska höfunda á komandi árum. Efnistöð kórsins á 7. áratugnum voru helst kirkjulegs eðlis, mótettur og kantötur auk smærri verka, flutningur einkum með orgeli. En fljótlega fóru að heyrast óskir um að kórinn kæmi fram með hljómsveit. Það var svo árið 1964 að kórinn flutti þætti úr *Jólaórátoríu* Bachs með 20 manna kammersveit og þremur einsöngvurum.

Mörg stórvirki tónbókmenntanna voru flutt, m.a. með frábærum erlend-um einsöngvurum sem Ingólfur gat keypt til landsins vegna sambanda sinna í ferðamenskunni og með kammersveit undir handleiðslu Rutar dóttur hans, sem var konsertmeistari í öllum eða langflestum upp-færslum á stærri verkum sem hann stjórnaði og setti upp.

Ingólfur hafði fulla trú á því að fólk hefði áhuga á að koma á þessa stóru viðburði og þess vegna bauð hann upp á þrenna tónleika í Háskólabíói, m.a. í dymbilvikunni og um jólin, sem var stórkostlegt og alltaf fullt hús og setti flutning þessara stórverka alveg í nýtt samhengi miðað við það sem áður þekktist. Hann fór líka nýjar leiðir í að kynna tónleikana og hljómuðu út-varpsauglýsingar daglega í morgunútlitunum í margar vikur fyrir tónleika.

Þarna var brotið blað í sögu kórsins. Hann var byrjaður að kynna verk barokkmeistaranna sem náðu hæðum á 7. áratugnum þar sem kórinn í fyrsta sinn flutti þjóðinni stærstu kórverk barokktímans með hljómsveit og einsöngvurum.

Kórskólinn

Það var mikið verkefni að ráðast í að flytja hin stóru kórverk tónbókmenntanna. Til þess þurfti að styrkja kórinn og ekki síst, þjálfar nýja söngvara. Mikil ásókn söngáhugafólks var í að komast í kórinn og urðu margir frá að hverfa eftir að hafa þreytt inntökupróf. En eftir stóð stór hópur valinna kórsöngvara sem um leið fékk metnaðarfulla raddþjálfun og var þetta upphafið að stofnun Kórskóla Pólýfónkórsins 1971, sem átti eftir að starfa á komandi árum. Mörg þeirra, sem þarna stigu sín fyrstu skref í söng, áttu eftir að ná miklum árangri á söngsviðinu.



Æfingaskrá fyrir *Messías* 1975.



Var nú kominn grunnur að því að flytja verk eins og *Mattheusarpassiuna* (1972) en flutningur hennar var ekki aðeins hátíðarstund í íslensku tónlistarlífi heldur þrekvirki þar sem heildarumsjón hvíldi á herðum eins manns. Eftir flutninginn á *Mattheusarpassiunni* var svo mikill hugur í Ingólfi og kórnum að strax í desember sama ár flutti kórinn kafla úr *Jólaórátoríunni* eftir Bach í Háskólabíói, *Jóhannesarpassiuna* eftir Bach í apríl 1974 og *Messías* eftir Händel í mars 1975. *H-moll messa* Bachs var svo flutt ári síðar. Sum þessara verka átti kórinn eftir að flytja aftur, bæði á Íslandi og erlendis.

Tónleikaferðir

Árið 1961 fór Pólýfónkórinn í sína fyrstu utanlandsferð, til Englands þar sem hann tók þátt í alþjóðlegri kórakeppni. Kórinn var valinn í þriðja sæti í keppni kóranna sem voru frá 27 löndum. Eftir keppnina fór kórinn í tónleikaferð um Bretland og á efnisskránni var bæði kirkjuleg og veraldleg tónlist. Kórinn söng einnig í BBC í London. Önnur utanlandsferðin var svo farin árið 1967 þegar kórinn tók þátt í kóramótinu

Frumflutningur *Mattheusarpassiú* J. S. Bach í Háskólabíói 1972. Dóttir Ingólfs, Þorgerður, var með barnakórinn í *Mattheusarpassiunni* 1972. Þegar *Mattheusarpassián* var flutt aftur 1982 var Hamrahlíðarkórinn kór II á móti Pólýfónkórnum.



Ingólfur og Pólýfónkórinn í Granada á Spáni 1982.

Europa Cantat (Evrópa syngur) sem haldið var í Namur í Belgíu. Pólýfónkórinn tók aftur þátt í Evropa Cantat árið 1970, og nú í borginni Graz í Austurríki. Á komandi árum átti kórinn eftir að fara fjölda utanlandsferða og á efnisskránni var allt frá frá íslenskum þjóðlögum til stærstu verka kórbókmenntanna.



Hljóðritanir og útgáfa

Í tengslum við utanlandsferð kórsins til Svíþjóðar og Danmerkur árið 1973 hljóðritaði kórinn sína fyrstu hljómplötu. Verkin á plötunni endurspegluðu viðfangsefni kórsins á áratugnum á undan, verk frá 17. öld auk nokkurra verka eftir íslenska höfunda. Það var plötuútgáfufyrirtækið RCA sem gaf plötuna út en hún var hljóðrituð hjá sænska útvarpinu í Stokkhólmi.

Fljótlega á eftir fylgdu fleiri útgáfur verka sem tekin höfðu verið upp á tónleikum. Má þar nefna *Gloriu* eftir Vivaldi og *Magnificat* eftir Bach, *Messías* eftir Händel, *Jólaóráttina* og margt fleira, alls 15 titla.

Sungið fyrir Jóhannes Pál II páfa í Vatikaninu í Róm 1985.



Lokaorð

Það er aðdáunarvert að ungur, bráðger og músíkalskur drengur sem fæddist og ólst upp í einni af einangruðustu sveitum landsins hafi náð þeim árangri á sviði tónlistar sem raun ber vitni. Hann ritaði starf sitt á auða síðu. En með áræðni, metnaði og óbilandi þreki skapaði hann sönghefð á Íslandi sem enn lifir. Hinn hreini tónn var það sem hann ávallt stefndi að. Ingólfur Guðbrandsson markaði sem kennari og kórstjóri varanleg spor í sögu íslenskrar tónlistar. Hann studdi marga íslenska tónlistarnemendur, sérstaklega þá sem voru að læra söng, til framhaldsnáms erlendis. Ingólfur hlaut Heiðursverðlaun Íslensku tónlistarverðlaunanna árið 2009.

Heimildir:

Í ljósi líðandi stundar. Pólyfónkórinn 1957-1987. Pólyfónkórinn. Reykjavík, 1987.

Lífsspejill, Ingólfur Guðbrandsson og Sveinn Guðjónsson. Reykjavík, 1989.

timarit.is. Ýmsar umfjallanir um starf Pólyfónkórsins.



Tónlistarfjölskylda að loknum tónleikum í Sevilla 1982. Lengst til hægri er Rut, sem var konsertmeistari hjá föður sínum alla tíð, þá Unnur María, Ingólfur, Eva Mjöll, Inga Rós og eiginmaður hennar, Hörður Áskelsson, sem spiluðu kontinúó (fylgirödd – selló og orgel) saman í flestum uppfærslum Pólyfónkórsins frá apríl 1974.

TÓNLEIKAR PÓLYFÓNKÓRSINS

- 1957, desember: Kristskirkja, Reykjavík. Jólalög eftir M. Praetorius, L. Schröter, B. Britten, Sigvalda Kaldalóns o.fl. Stjórnandi: Ingólfur Guðbrandsson.
- 1958, apríl: Laugarneskirkja, Reykjavík. Kirkjuleg tónlist 16.-20. aldar ásamt orgelleik Dr. Páls Ísólfssonar. Stjórnandi: Ingólfur Guðbrandsson.
- 1959, apríl: Gamla Bíó, Reykjavík. Selfoskirkja, Selfossi. Tónleikar fyrir Tónlistarfélag Árnassýslu. Veraldleg tónlist 15.-20. aldar. Píanóleikari: Gísli Magnússon. Stjórnandi: Ingólfur Guðbrandsson.
- 1960, mars: Fríkirkjan, Reykjavík, æskulýðssamkoma. Kirkjuleg tónlist frá ýmsum tímum.
- 1960, apríl: Kristskirkja, Reykjavík. Kirkjuleg tónlist 15.-20. aldar ásamt orgelleik Árna Arinbjarnarsonar. Einsöngvari: Einar Sturluson. Stjórnandi: Ingólfur Guðbrandsson.
- 1961, apríl: Kristskirkja, Reykjavík. Kirkjuleg tónlist 17.-20. aldar, m.a. Totentanz Hugo Distlers, frumflutningur á Íslandi. Orgelleikur: Haukur Guðlaugsson. Framsögn: Lárus Pálsson. Stjórnandi: Ingólfur Guðbrandsson.
- 1961, júní: Gamla Bíó, Reykjavík. Kirkjuleg og veraldleg tónlist 15.-20. aldar auk þjóðlaga. Stjórnandi: Ingólfur Guðbrandsson.
- 1961, júlí: St. John's Chapel, Cambridge, Englandi; Thaxted Church, Cambridgeshire; St. Paul's Cathedral, London, Englandi; St. Mary Aldermary, London, Englandi. Kirkjuleg og veraldleg tónlist 15.-20. aldar. Stjórnandi: Ingólfur Guðbrandsson. Alþjóðlega kórakeppnin í Llangollen, Eisteddfod, Wales. BBC, London, Englandi. Stjórnandi: Ingólfur Guðbrandsson.
- 1961, desember: Kristskirkja, Reykjavík. The Viking Service Club, Keflavíkflugvelli. Bíóhöllin, Keflavík. Tónlistarfélag Keflavíkur. Kirkjuleg tónlist 16.-20. aldar. Stjórnandi: Ingólfur Guðbrandsson.





- 1962, apríl: Kristskirkja, Reykjavík.
Kirkjuleg tónlist 16.-20. aldar.
Stjórnandi: Ingólfur Guðbrandsson.
- 1963, apríl: Gamla Bíó, Reykjavík.
Hótel Saga, Reykjavík.
Veraldleg tónlist frá 16. og 17. öld, nútímatónlist og negrasálmur frá 20. öld.
Stjórnandi: Ingólfur Guðbrandsson.
- 1964, apríl: Kristskirkja, Reykjavík.
Mótettur frá 16. öld, sálmalög í raddsetningu J. S. Bach og nútímatónlist. Orgelleikur: Dr. Páll Ísólfsón.
Stjórnandi: Ingólfur Guðbrandsson.
- 1964, maí: Akureyrarkirkja, Akureyri.
Tónlistarfélag Akureyrar. Mótettur frá 16. öld, sálmalög í raddsetningu J. S. Bachs og nútímatónlist.
Stjórnandi: Ingólfur Guðbrandsson.
- 1964, júní: Kristskirkja, Reykjavík.
Listahátíð í Reykjavík.
Stjórnandi: Ingólfur Guðbrandsson.
- 1964, september: Hótel Borg, Reykjavík.
Tónleikar á vegum Musica Nova. Íslensk og erlend þjóðlög í útsetningu Gunnars R. Sveinssonar.
Stjórnandi: Ingólfur Guðbrandsson.
- 1964, september: Þjóðleikhúsið, Reykjavík.
Samkoma lútherska heimssambandsins. Mótettur og sálmalög.
Undirleikari: Guðrún A. Kristinsdóttir.
Stjórnandi: Ingólfur Guðbrandsson.
- 1964, desember: Kristskirkja, Reykjavík.
Kafar úr Jónaórátoríunni eftir J. S. Bach ásamt kammerhljómsveit.
Einsöngvarar: Guðrún Tómasdóttir, Sigurður Björnsson, Halldór Vilhelmsson. Stjórnandi: Ingólfur Guðbrandsson.
- 1965, apríl: Kristskirkja, Reykjavík.
Kirkjuleg tónlist 16.-20. aldar.
Einsöngvarar: Guðrún Tómasdóttir, Ásta Thorstensen, Friðbjörn G. Jónsson, Halldór Vilhelmsson. Stjórnandi: Ingólfur Guðbrandsson.
- 1965, maí: Skálholtskirkja.
Sama efnisskrá og var flutt í Kristskirkju í apríl sama ár.
Stjórnandi: Ingólfur Guðbrandsson.
- 1965, desember: Kristskirkja, Reykjavík.
Kafar úr Jónaórátoríunni eftir J. S. Bach ásamt kammerhljómsveit.
Einsöngvarar: Guðrún Tómasdóttir, Sigurður Björnsson, Halldór Vilhelmsson. Stjórnandi: Ingólfur Guðbrandsson.

- 1966, apríl: Gamla Bíó, Reykjavík.
Tónlist frá Ítalíu og Englandi á 16. og 17. öld ásamt nýrri tónlist, íslenski og erlendri.
Stjórnandi: Ingólfur Guðbrandsson.
- 1967, janúar: Háskólabíó, Reykjavík.
Stabat Mater eftir Szymanowski ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands.
Stjórnandi: Bohdan Wodiczko.
- 1967, mars: Kristskirkja, Reykjavík.
Laugardalshöllin, Reykjavík.
Jóhannesarpassía eftir J. S. Bach ásamt kammerhljómsveit.
Einsöngvarar: Guðrún Tómasdóttir, Kathleen Joyce, Halldór Vilhelmsson, Kristinn Þ. Hallsson, Sigurður Björnsson.
Stjórnandi: Ingólfur Guðbrandsson.
- 1967, júlí: Austurbæjarbíó, Reykjavík.
Konsert með íslenskum og erlendum verkum.
Stjórnandi: Ingólfur Guðbrandsson.
- 1967, júlí-ágúst: Congress Hall, Namur, Belgíu.
Europa Cantat. Opnunarhátíð að viðstöddum 5000 áheyrendum.
Maison de la Culture, Namur, Belgíu.
Sjálftæðir tónleikar. Íslensk og evrópsk þjóðlög í útsetningu Gunnars R. Sveinssonar, lög eftir Driessler, Orff, Þorkel Sigurbjörnsson og 16. aldar tónlist.
Stjórnandi: Ingólfur Guðbrandsson.
- 1967, nóvember: Bifröst, Borgarfirði.
Tónlistarfélag Borgfirðinga. Lög frá ýmsum löndum, íslensk þjóðlög, lög frá gullöld raddlistarinnar, gömul evrópsk þjóðlög í nútímaraddfærslu Gunnars R. Sveinssonar og nútímatónlist.
Stjórnandi: Ingólfur Guðbrandsson.
- 1968, apríl: Kristskirkja, Reykjavík.
Þjóðleikhúsið, Reykjavík.
Messa í H-moll ásamt hljómsveit. Frumflutningur á Íslandi.
Einsöngvarar: Guðfinna D. Ólafsdóttir, Anne Collins, Friðbjörn G. Jónsson, Halldór Vilhelmsson,
Stjórnandi: Ingólfur Guðbrandsson.
- 1969, maí: Kristskirkja, Reykjavík.
Kirkjuleg tónlist 16.-20. aldar.
Stjórnandi: Ingólfur Guðbrandsson.
- 1969, desember: Kristskirkja, Reykjavík.
Kafar úr Jónaórátoríunni eftir J. S. Bach ásamt kammerhljómsveit.
Einsöngvarar: Guðfinna D. Ólafsdóttir, Ruth L. Magnússon, Sigurður Björnsson, Halldór Vilhelmsson.
Stjórnandi: Ingólfur Guðbrandsson.





- 1970, júní: Kristskirkja, Reykjavík.
Norrænt kirkjutónlistarmót. Flutt verk eftir Hallgrím Helgason og frumflutt Requiem eftir Pál P. Pálsson.
Stjórnandi: Ingólfur Guðbrandsson.
- 1970, júlí-ágúst: Kristskirkja, Reykjavík.
Dómkirkja Graz, Austurríki.
Europa Cantat. Sjálfstæðir tónleikar. Kirkjuleg tónlist 15.-17. aldar, sálmalög úr Mattheusarpassíu eftir J. S. Bach og íslensk tónlist. Flutningur tileinkaður minningu forsætisráðherra hjónanna, frú Sigríðar Björnsdóttur og Dr. Bjarna Benediktssonar og dóttursonar þeirra, Benedikts Vilmondarsonar.
Stjórnandi: Ingólfur Guðbrandsson.
- 1971, janúar: Háskólabíó, Reykjavík.
Magnificat eftir Monteverdi ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands.
Stjórnandi: Bohdan Wodiczko.
- 1972, mars-apríl: Kristskirkja, Reykjavík.
Háskólabíó, Reykjavík.
Mattheusarpassía eftir J. S. Bach ásamt barnakór og tveimur kammerhljómsveitum. Frumflutningur á Íslandi.
Einsöngvarar: Guðfinna D. Ólafsdóttir, Ruth L. Magnússon, Elín Sigurvinsdóttir, Ásta Thorstensen, Halldór Vilhelmsson, Ingimar Sigurðsson, Guðmundur Jónsson, Rúnar Einarsson.
Stjórnandi: Ingólfur Guðbrandsson.
- 1972, desember: Háskólabíó, Reykjavík.
Jólaóratoría eftir J. S. Bach ásamt kammerhljómsveit.
Einsöngvarar: Neil Jenkins, Sandra Wilkes, Ruth L. Magnússon, Halldór Vilhelmsson. Stjórnandi: Ingólfur Guðbrandsson.
- 1973, júní: Kristskirkja, Reykjavík.
Austurbæjarbíó, Reykjavík.
Skansen, Stokkhólmi, Svíþjóð.
S.T. Jacobskyrkan, Stokkhólmi, Svíþjóð. St. Anne Konsertsal, Kaupmannahöfn, Danmörku. Messiaskirken, Charlottenlund, Danmörku. Tvær efnisskrár sem innihéldu kirkjulega tónlist 15.-18. aldar, íslenska tónlist frá 20. öld og íslensk þjóðlög. Píanóleikari: Elísabet Kristjánsdóttir. Orgelleikari: Gústaf Jóhannesson.
Stjórnandi: Ingólfur Guðbrandsson.
- 1973, júlí: Skálholtskirkja, Skálholti.
Skálholtshátíð. Kirkjuleg tónlist 15.-20. aldar.
Stjórnandi: Ingólfur Guðbrandsson.
- 1974, apríl: Háskólabíó, Reykjavík.
Jóhannesarpassía eftir J. S. Bach ásamt kammerhljómsveit.
Einsöngvarar: Elísabet Erlingsdóttir, Ruth L. Magnússon, Michael Goldthorpe, Sigurður Björnsson, Halldór Vilhelmsson, Ingimar Sigurðsson, Malcolm King. Stjórnandi: Ingólfur Guðbrandsson.

- 1974, ágúst: Þjóðhátíð í Reykjavík.
Útiskemmtun á Arnarhóli, flutt voru íslensk lög.
Stjórnandi: Ingólfur Guðbrandsson.
- 1975, mars: Háskólabíó, Reykjavík.
Messías eftir G. F. Händel ásamt kammerhljómsveit.
Einsöngvarar: Janet Price, Ruth L. Magnússon, Neil Mackie, Glynn Davenport. Stjórnandi: Ingólfur Guðbrandsson.
- 1975, maí: St. Cuthbert's Parish Church, Edinborg, Skotlandi.
Messías eftir G. F. Händel ásamt skoskum hljóðfæraleikurum, (BBC). Einsöngvarar: Kathleen Livingstone, Ruth L. Magnússon, Neil Mackie, Glynn Davenport. Stjórnandi: Ingólfur Guðbrandsson.
- 1976, apríl: Háskólabíó, Reykjavík.
Messa í H-moll eftir J. S. Bach ásamt kammerhljómsveit.
Einsöngvarar: Guðfinna D. Ólafsdóttir, Ásta Thorstensen, Ruth L. Magnússon, Jón Þorsteinsson, Ingimar Sigurðsson, Halldór Vilhelmsson. Stjórnandi: Ingólfur Guðbrandsson.
- 1977, apríl: Háskólabíó, Reykjavík.
Hátíðartónleikar á 20 ára afmæli kórsins ásamt kammerhljómsveit. Flutt voru verkin: Gloría eftir A. Vivaldi, Magnificat eftir J.S. Bach og Gloría eftir F. Poulenc. Einsöngvarar: Elísabet Erlingsdóttir, Ann-Marie Connors, Keith Lewis, Hjálmar Kjartansson, Sigríður Ella Magnúsdóttir. Stjórnandi: Ingólfur Guðbrandsson.
- 1977, júní: Háskólabíó, Reykjavík.
Á efnisskrá voru verkin: Gloría eftir A. Vivaldi og Magnificat eftir J. S. Bach, ásamt kammerhljómsveit. Einsöngvarar: Hannah Francis, Margrét Bóasdóttir, Ruth L. Magnússon, Jón Þorsteinsson, Hjálmar Kjartansson. Stjórnandi: Ingólfur Guðbrandsson.
- 1977, júní-júlí: Háskólabíó, Reykjavík.
Dómkirkjan, Siena, Ítalíu.
Santa Corona, Vicenza, Ítalíu.
Aquilaia, Ítalíu, fornfræg dómkirkja.
Dómkirkjan, Lignano, Ítalíu.
Messías eftir G. F. Händel ásamt kammerhljómsveit. Einsöngvarar: Kathleen Livingstone, Ruth L. Magnússon, Neil Mackie, Michael Rippon, Halldór Vilhelmsson. Stjórnandi: Ingólfur Guðbrandsson.
- 1977, júní-júlí: Santa Croce, Flórens, Ítalíu.
Markúsarkirkjan, Feneyjum, Ítalíu.
Pineta kirkjan, Lignano, Ítalíu.
Flutt voru verkin: Gloría, eftir A. Vivaldi, Konsert í d-moll fyrir 2 fiðlur og strengjasveit eftir J. S. Bach og Magnificat eftir J. S. Bach, ásamt kammerhljómsveit. Einleikarar voru Unnur María og Rut Ingólfsdætur. Einsöngvarar: Kathleen Livingstone, Margrét Bóasdóttir, Ruth L. Magnússon, Neil Mackie, Michael Rippon, Hjálmar Kjartansson. Stjórnandi: Ingólfur Guðbrandsson.






- 1978, desember: Háskólabíó, Reykjavík.
Kafar úr Jónaóratoríunni eftir J. S. Bach ásamt kammerhljómsveit.
Einsöngvarar: Elísabet Erlingsdóttir, Sigríður Ella Magnúsdóttir, Jón Þorsteinsson, Michael Rippon. Stjórnandi: Ingólfur Guðbrandsson.
- 1979, apríl: Kristskirkja, Reykjavík.
Kirkjuleg tónlist 16.-20. aldar. Orgeleinleikur: Hörður Áskelsson.
Stjórnandi: Ingólfur Guðbrandsson.
- 1979, apríl: St. Lawrence Jewry borgarkirkjan, London, Englandi.
Kirkjuleg tónlist 16.-20. aldar. Orgeleinleikur: Hörður Áskelsson.
Stjórnandi: Ingólfur Guðbrandsson.
- 1979, desember: Háskólabíó, Reykjavík.
Flutt voru verkin: Magnificat og Svíta nr. 4 fyrir hljómsveit eftir J.S. Bach og úr óratóríunni Messías, eftir G.F. Händel ásamt kammerhljómsveit. Einsöngvarar: Sigrún Gestsdóttir, Elísabet Erlingsdóttir, Elizabeth Stokes, Jón Þorsteinsson, Hjálmar Kjartansson.
Stjórnandi: Ingólfur Guðbrandsson.
- 1980, apríl: Háskólabíó, Reykjavík.
Petite Messe Solennelle eftir G. Rossini.
Einsöngvarar: Janet Price, Ruth L. Magnússon, Jón Þorsteinsson, David Wilson-Johnson. Stjórnandi: Ingólfur Guðbrandsson.
- 1981, apríl: Háskólabíó, Reykjavík.
Jóhannesarpassía eftir J. S. Bach ásamt kammerhljómsveit.
Einsöngvarar: Elísabet Erlingsdóttir, Anne Wilkens, Jón Þorsteinsson, Friðbjörn G. Jónsson, Graham Titus, Hjálmar Kjartansson, Magnús Torfason, Kristinn Sigmundsson.
Stjórnandi: Ingólfur Guðbrandsson.
- 1982, apríl: Háskólabíó, Reykjavík.
Mattheusarpassía eftir J. S. Bach ásamt tveimur kammerhljómsveitum, Hamrahlíðarkórnum og kór Öldutúnsskóla.
Fyrsti heildarflutningur á Íslandi.
Einsöngvarar: Elísabet Erlingsdóttir, Sigríður Ella Magnúsdóttir, Una Elefsen, Margrét Pálmadóttir, Ásdís Gísladóttir, Michael Goldthorpe, Ian Caddy, Kristinn Sigmundsson, Simon Vaughan.
Stjórnandi: Ingólfur Guðbrandsson.
- 1982, júní-júlí: Háskólabíó, Reykjavík.
Catedral de Málaga, Málaga, Spáni.
Iglesia de Marbella, Marbella, Spáni.
Iglesia de Nerja, Nerja, Spáni.
Catedral, Granada, Spáni.
San Salvador, Sevilla, Spáni.
Kirkjuleg og veraldleg tónlist 17.-20. aldar ásamt 50 manna hljómsveit.
Einsöngvarar: Nancy Argenta, Jón Þorsteinsson, Kristinn Sigmundsson, Einleikarar: María Ingólfadóttir, Þórhallur Birgisson.
Stjórnandi: Ingólfur Guðbrandsson.

- 1982, desember: Kristskirkja Reykjavík.
Kirkjuleg tónlist 17.-18. aldar ásamt kammersveit.
Einsöngvarar: Katrín Sigurðardóttir, Signý Sæmundsdóttir, Ásta Thorstensen, Sigurður Björnsson.
Stjórnandi: Hörður Áskelsson.
- 1983, desember: Kristskirkja, Reykjavík.
Áskirkja, Reykjavík.
Kirkjuleg tónlist 16.-20. aldar. Kórskóli Pólýfónkórsins söng með.
Einsöngvarar: Una Elefsen, Kristinn Sigmundsson.
Stjórnandi: Ingólfur Guðbrandsson.
- 1984, maí: Háskólabíó, Reykjavík.
Tónleikar með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Verk eftir Mozart, Verdi og Rossini: Stabat Mater. Einsöngvarar: Denia Mazzola, Claudia Clarich, Paolo Barbacini, Carlo de Bortoli.
Stjórnandi: Ingólfur Guðbrandsson.
- 1985, mars: Háskólabíó, Reykjavík.
Tónleikar með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Messa í H-moll eftir J. S. Bach, hátíðartónleikar á 300 ára afmælisdegi tónskáldsins.
Einsöngvarar: Jacquelyn Fugelle, Bernadette Manca di Nissa, Renzo Casellato, Carlo de Bortoli. Stjórnandi: Ingólfur Guðbrandsson.
- 1985, júlí: Langholtskirkja, Reykjavík.
Kirkja San Ignazio, Róm, Ítalíu.
Asissi, Ítalíu.
Alþjóðlega tónlistarhátíðin.
Santa Croce kirkjan, Flórens, Ítalíu. Markúsarkirkjan í Feneyjum, Ítalíu. Messa í H-moll eftir J. S. Bach ásamt kammerhljómsveit.
Einsöngvarar: Jacquelyn Fugelle, Hilke Helling, Jón Þorsteinsson, Peter Christoph Runge. Stjórnandi: Ingólfur Guðbrandsson.
- 1986, desember: Hallgrímskirkja, Reykjavík.
Tónleikar með Sinfóníuhljómsveit Íslands.
Messías eftir G. F. Händel. Fyrsti heildarflutningur á Íslandi.
Einsöngvarar: Maureen Brathwaite, Sigríður Ella Magnúsdóttir, Ian Partridge, Jón Þorsteinsson, Peter Coleman-Wright, Anna Margrét Kaldalóns. Stjórnandi: Ingólfur Guðbrandsson.
- 1987, desember: Hallgrímskirkja, Reykjavík.
Óratórían Messías eftir G.F. Händel ásamt kammerhljómsveit.
Fyrri hátíðarhljómsveit í tilefni 30 ára afmælis Pólýfónkórsins.
Einsöngvarar: Inga Backman, Sigríður Elliðadóttir, Gunnar Guðbjörnsson, William Mackie, Anna Margrét Kaldalóns.
Stjórnandi: Ingólfur Guðbrandsson.
- 1988, nóvember: Háskólabíó, Reykjavík
Tónleikar í Háskólabíói með Sinfóníuhljómsveit Íslands, tvöföldum kór og einsöngvurum í tilefni 30 ára afmælis Pólýfónkórsins.
Stjórnandi: Ingólfur Guðbrandsson.





FORMENN PÓLYFÓNKÓRSINS

Fyrsti formaður Pólyfónkórsins var Stefán Þengill Jónsson, múrari og söngkennari. Rúnar Einarsson, rafvirki, tók við hlutverki formanns 1961 og gegndi því í sextán ár. Friðrik Eiríksson, matreiðslumeistari, tók við keflinu 1977 og var formaður kórsins allt til ársins 1985. Kristján Már Sigurjónsson, verkfræðingur, var formaður síðustu starfsár kórsins.

KÓRSKÓLI PÓLYFÓNKÓRSINS

Í tengslum við starfsemi kórsins var Kórskóli Pólyfónkórsins starfræktur frá 11. janúar 1971 og allt til ársins 1988. Markmið hans var að kenna áhugasömu fólki raddbeitingu, söng, heyrnarþjálfun, tónheyrn, taktæfingar og nótnalestur. Um var að ræða 10 vikna námskeið og var nemendum skipt upp í byrjenda- og framhaldshóp. Nemendur voru í kringum 100 talsins flest árin. Meðal kennara skólans voru Ruth L. Magnúsdóttir, Einar Sturluson, Lena Rist, Herdís Oddsdóttir, Sigurður Björnsson, Margrét Pálmadóttir, Elísabet Erlingsdóttir, Már Magnússon, Helga Gunnarsdóttir, Garðar Cortes, Jón Karl Einarsson, Kristján Jóhannsson, Friðrik Guðni Þorleifsson og Ingólfur Guðbrandsson. Efnilegir nemendur áttu þess kost að sækja um inngöngu í kórsinn og stundum tóku þeir þátt í flutningi kórsins, til dæmis á tónleikum í Kristskirkju í maí 1971.

PÓLYFÓNFÉLAGIÐ

Pólyfónfélagið var stofnað í maí 2006. Formaður var kosinn Ólöf Magnúsdóttir, en aðrir í stjórn voru Halldór Vilhelmsson, Hákon Sigurgrímsson, Guðmundur Guðbrandsson, Hekla Pálsdóttir og Kolfinna Sigurvinsdóttir. Við fráfall Halldórs Vilhelmssonar árið 2009 tók Áslaug Ólafsdóttir sæti hans í stjórn.

Félagið var stofnað með það að markmiði að varðveita margvísleg gögn, nótur og útgefið efni Pólyfónkórsins ásamt því að tryggja varðveislu á tónböndum í safni Ríkisútvarpsins með upptökum af söng kórsins. Félagið hefur þegar gefið út 9 geisladiska með söng kórsins frá 2007 og haft með höndum kynningu þeirra og dreifingu. Félagið hefur einnig styrkt tengsl milli fyrrum kórfélaga með samkomum, kynningum og utanlandsferðum.

ÚTGÁFUR PÓLYFÓNKÓRSINS

Gefnar voru út sex hljómplötur með flutningi Pólyfónkórsins á árunum 1973-1986. Pólyfónfélagið hefur síðan staðið að útgáfu á upptökum sem gerðar voru með kórnum. Alls hafa komið út 15 útgáfur með flutningi Pólyfónkórsins:

YSVL 1-526 - Pólyfónkórinn, án undirleiks, Svíþjóð 1973-1973

P.001 - Pólyfónkórinn og kammersveit - Gloria og Magnificat, tónleikar 1977-1977

P.002-4 - Pólyfónkórinn og kammersveit - Messías, tónleikar 1977-1978

P.005-8 - Pólyfónkórinn, Hamrahlíðarkórinn, Kór Öldutúnsskóla og 2 kammersveitir - Mattheusarpassía, tónleikar 1982-1983

POL.008/9 - Pólyfónkórinn og Sinfóníuhljómsveit Íslands - Messías, tónleikar 1986 (CD) - 1987

POL.010 - Pólyfónkórinn og Sinfóníuhljómsveit Íslands - Messías, tónleikar 1986 (valdir kaflar, 33 sn.) - 1987

POL.011/12 - Pólyfónkórinn og Sinfóníuhljómsveit Íslands - Messa í H-moll, tónleikar 1985 - 2007

POL.013 - Pólyfónkórinn og kammersveit - Tónleikar á Spáni í tengslum við heimsmeistaramótið í knattspyrnu 1982 - 2007

POL.014 - Pólyfónkórinn, Sine Musica Nulla Vita! (endurútgáfa á CD af fyrstu hljómplötu kórsins) - 2008

POL.015/16 - Pólyfónkórinn og Sinfóníuhljómsveit Íslands - Efni af tónleikum 1984 og 1988 - 2008


POL.017 - Pólyfónkórinn og Kórskólinn - Jólalög og kirkjuleg verk, sungin 1961-1972 - 2010

POL.018 - Pólyfónkórinn - Madrigalar og erlend sönglög frá ýmsum Evrópulöndum, upptökur frá 1961-1971 - 2011

POL.019/20 - Pólyfónkórinn og kammersveit - Jónaórátorían, kaflar fluttir 1972 og 1978 - 2012

POL.021 - Pólyfónkórinn - Forðum tíð einn brjótur brands... - Íslensk þjóðlög og sönglög, upptökur af tónleikum 1961-1977 - 2013

POL.022 - Pólyfónkórinn - Sönglög og Mótettur - Upptökur frá 1961-1973 - 2016





CORO POLIFÓNICO Y ORQUESTA DE CÁMARA DE REYKJAVÍK ISLANDIA

Director: INGÓLFUR GUDBRANDSSON
I-Violín: RUT INGÓLFSDÓTTIR

ESPAÑA 1982

PROGRAMA

G.F. Händel: «THE WATER MUSIC», orquesta

D. Buxtehude: «BEI FIEL DEM ENGEL DASS ER KOMM», cantata para coro y orquesta de cuerdas

J.S. Bach: «CONCIERTO PARA VIOLÍN Y ORQUESTA, EN MI MAYOR»
Solistas: MARÍA INGÓLF (violínista)

G.F. Händel: «AND THE GLORY OF THE LORD», «HALLELUJAH», del oratorio del «Mesías», para coro y orquesta
«THE TRUMPET SHALL SOUND», para bajo y trompeta solistas y orquesta
Solistas: KRISTINN SIGMUNDSSON bajo
LÁRUS SVEINSSON (trompeta)

INTERVALO
HÖRÐUR ÁSKELSSON (organo)

Jón Leifs: «ORATORIO DE EDDA op. 20», para bajo y tenor solistas, gran coro y orquesta (estreno)
Solistas: KRISTINN SIGMUNDSSON bajo
JÓN ÞORSTEINSSON tenor

F. Poulenc: «GLORIA», para soprano solista, coro y orquesta
Solistas: NANCY ARGENTA soprano

REYKJAVÍK Miércoles, 29 de junio, 04. 21.30
HÁSKÓLABÍÓ

MÁLAGA Viernes, 2 de julio, 9.30 noche
CATEDRAL DE MÁLAGA

MARBELLA Sábado, 3 de julio, 9 noche
IGLESIA DE MARBELLA

NERJA Domingo, 4 de julio, 1 tarde
CUEVAS DE NERJA

GRANADA Lunes, 5 de julio, 8.30 noche
CATEDRAL DE GRANADA


SEVILLA Martes, 6 de julio, 9 noche
IGLESIA DEL SALVADOR


INFORMACION: VIAJES MARSANS S.A.

Veggspjald til kynningar á tónleikaferð Pólyfónkórsins um Spán 1982.

HLJÓÐRITANIR AF SÖNG PÓLYFÓNKÓRSINS VARÐVEITTAHJÁ RÚV


- 1958
BTD-9
- AP-70
afn.
- 1961
TD-243, TD-619
TD-245
TD-767
- 1962 PTD-425 afn.
- 1965 BTD-55
- 1966 BTD-73, BTD-82
- 1967 TD-1254
BTD-116
- BTD-144
TD-142 afn.
- 1968 BTD-187
- 1970 BTD-441
TD-1522afn.
- 1971 BTD-537
- 1972 BTD-624
- TD-1775
- a. Blanda af íslenskum lögum þ.á.m. Þjóðlög,
b. Brot frá tónleikum í Laugarneskirkju 8.4.1958. Orgelleikari var Dr. Páll Ísólffsson.
- Lausnarinn, Kóngur Kriste eftir Fjölmi Stefánsson. (Ekki til útsendingar).
- Sálmalög úr Mattheusarpassíu eftir J.S. Bach.
- Dauðadans úr Geistliche chormusik eftir Hugo Distler.
Jesu, meine Freude eftir J.S. Bach.
- Af himnum ofan boðskap ber eftir Prætorius. Lofsöngur eftir L. Schröter. Hodie Christus natus est eftir Sweelinck. Vögguvísa úr oratóriunni Bernska Krists eftir H. Berlioz. Lög frá 16. og 18. öld og enskt jólaglag frá 16. öld.
Dr. Páll Ísólffsson annaðist orgelleik.
- Fjórir þættir úr Messu fyrir blandaðan kór og einsöngvara eftir Gunnar R. Sveinsson.
- Agnus Dei eftir Þorkel Sigurbjörnsson og erlend lög.
- Jólaóratória eftir J.S. Bach.
- Stabat Mater eftir Szymanowski ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands. Jóhannesarpassía eftir J.S. Bach ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands.
- M.a. Blessuð þau eyru eftir Þorkel Sigurbjörnsson.
Tvö íslensk þjóðlög í raddsetningu Gunnars R. Sveinssonar og lög við enska miðaldertexta.
Messa í H-moll eftir J.S. Bach ásamt kammerhljómsveit.
- Tónleikar í Kristskirkju.
Nokkur lög eftir íslensku höfundana Pál P. Pálsson, Pál Ísólffsson og Hallgrím Helgason.
- Samsöngur í Kristskirkju. Flutt lög eftir Händel, Aichinger, Bach, Schubert og Monteverdi.
- Mattheusarpassía eftir J.S. Bach ásamt barnakór, kammerhljómsveit og einsöngvurum.
- Nokkur lög eftir J.S. Bach: Af englasveitum er þér skýrð, Við móðurbarm í kaldri kró, Vér fögnum komu frelsarans, Sjá barnið kæra bólið þitt, Rís morgunelding yfir storð, Hve mun ég mega ganga, Ég sem hef þig augum séð.





- BTD-1708 Jólaóratória eftir J.S. Bach.
- 1973 BTD-740 Tíminn og vatnið eftir Jón Ásgeirsson.
Frá samsöng Pólyfónkórsins í Austurbæjarbíói.
- BTD-793 Erlend lög. Frá samsöng Pólyfónkórsins í Kristskirkju.
- 1974 BTD-832 Jóhannesarpassía eftir J.S. Bach.
- 1975 BTD-917 Messías eftir G.F. Händel.
- 1976 BTD-1114 Messa í H-moll eftir J.S. Bach.
- 1977 BTD-1197 Hátíðartónleikar í Háskólabíói á 20 ára afmæli kórsins.
Flutt voru verkin: Gloria eftir A. Vivaldi, Magnificat eftir J.S. Bach og Gloria eftir F. Poulenc.
Bein útsending.
- TD-1796 Hver á sér fegra föðurland eftir Emil Thoroddsen og Lofsöngur eftir Sveinbjörn Sveinbjörnsson.
- BTD-1198 Hátíðartónleikar í Háskólabíói. Flutt voru verkin Gloría eftir Vivaldi, Konsert í d-moll og Magnificat eftir J.S. Bach.
- BTD-1199 Messías eftir G.F. Händel.
- 1979 BTD-1330 Jólaóratória eftir J.S. Bach.
- 1980 BTD-2077 Petite Messe Solennelle eftir Rossini. Frá tónleikum í Háskólabíói.
- 1981 BTD-1781 Jóhannesarpassía eftir J.S. Bach.
- 1982 BTD-2078 Mattheusarpassía eftir J.S. Bach ásamt kór Öldutúnsskóla og Hamrahlíðarkórnum.
- BTD-2117 Verk eftir Händel, Buxtehude, Bach, Poulenc og Jón Leifs á tónleikum í Háskólabíói.
- 1984 BTD-2336 Mattheusarpassía eftir J.S. Bach.
- STD-643 Verk eftir Mozart, Verdi og Rossini: Stabat Mater, ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands.
- 1985 STD-633 H-moll messa eftir J.S. Bach ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands.
- 1986 STD-677 Messías eftir G.F. Händel ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands.
Fyrsti heildarflutningur á Íslandi.



 Landsbókasafn Íslands
Háskólabókasafn

Í samstarfi við afkomendur Ingólfs Guðbrandssonar og Pólyfónfélagið